
Niðurrif á togaranum Orlik í Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 9. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf f.h. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur um fyrirhugaða niðurrif togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlitsins.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Niðurrif á togaranum Orlik á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur, Reykjanesbæ. Fyrirspurn um matsskyldu. Skipasmíðastöð Njarðvíkur, júlí 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjanesbæ með tölvupósti dags. 19. júlí 2019
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 12. júlí 2019
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvupósti dags. 10. júlí 2019
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 15. júlí 2019
- Vinnueftirlitinu með tölvupósti dags. 17. júlí 2019

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga

Í október 2018 ákvarðaði Skipulagsstofnun að niðurrif togarans í Helguvík væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þegar sótt var um starfsleyfi hafnaði Umhverfisstofnun umsókninni á þeirri forsendu að ekki væri hægt að veita starfsleyfi fyrir niðurrif á skipi af þessari stærðargráðu í tímabundinni aðstöðu í fjöru. Í þessari framkvæmd er staðsetningin önnur og hægt að nýta innviði og athafnasvæði Skipasmíðastöðvar í Njarðvíkurhöfn. Í júlí 2019 komu í ljós göt á skrokki togarans og ljóst að fjarlægja verður togarann frá hafnarbakkanum yfir á svæði skipasmíðastöðvarinnar áður en hann sekkur með ófyrirsjáanlegum umhverfisáhrifum. Ekki er fyrir hendi aðstaða á landi til að rífa skipið og þar sem togarinn er ekki sjóhæfur að mati úttektaðila verði að gera tímabundna aðstöðu fyrir hann í Njarðvíkurhöfn, það sé eini raunhæfi kosturinn í stöðunni.

Framkvæmdalýsing

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að flytja togarann Orlik yfir á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur og rífa togarann þar. Til stóð að flytja togarann erlendis til niðurrifs en ekki varð af því. Togarinn var smíðaður árið 1983 og er lengd hans rúmlega 63 m, breidd tæpir 14 m og nettóþyngd hans tæp 700 tonn.

Fram kemur að þeir aðilar sem sem muni sjá um að fjarlægja asbest úr togaranum hafi til þess tilskilin réttindi og hafa sótt námskeið á vegum Vinnueftirlitsins en að öðru leyti munu starfsmenn Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur ásamt verktökum sjá um niðurrif togarans og að fjarlægja viðhalds- og spilliefni. Athafnasvæði skipasmíðastöðvarinnar hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti til



niðurrifs skipa allt að 500 tonnum og mengunarvarnir eru til staðar til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar til verksins þar sem togarinn er yfir 500 tonnum. Búið er að dæla úr skipinu olímenguðu vatni og úrgangsolíu ásamt því að fjarlægja freon. Einnig var búið að undirbúa skipið til flutnings og niðurrifs erlendis og því búið að gera skýrslu um hættuleg efni og búið að gefa út gastæmingarvottorð. Gert er ráð fyrir að einhver olía geti lekið úr skipinu og verður því látið fljóta í kringum skipið og reiknað með síðælingu og vatni dælt ofan af yfirborðinu í gegnum olúskilju.

Fram kemur að gerður verði allt að 1,5 m hár grjótgarður í kringum skipið þegar það er komið á sinn stað og þéttum dúk komið fyrir upp fyrir flóðahæð. Efnisþörf fyrir grjótgarðinn og undirlag er um 4.000 m³ og verður notast við efni í garðinn sem er tiltækt á staðnum. Gert er ráð fyrir að verktími verði 2-3 mánuðir.

Tafla 1. Yfirlit yfir hráefni og úrgang vegna framkvæmdar ásamt upplýsingum um meðhöndlun (úr tilkynningu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur)

Hráefni / úrgangur	Endurvinnsla / förgun
Brotajárn og brotamálmur	Verður flokkað á niðurrifsstaðnum og undirbúið til útflutnings í Helguvík.
Asbest	Verður fjarlægt og fargað í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang af verkötum sem hafa tilskilin réttindi.
Pappi	Endurvinnanlegur pappi fer til Gámaþjónustunnar eða Íslenska gámafélagsins.
Plast	Endurvinnanlegt plast fer til Gámaþjónustunnar eða Íslenska gámafélagsins.
Frauðeinangrun	Frauðeinangrun mun að mestu fylgja því áli/járni sem það er áfast og fer þannig áfram til frekari endurvinnslu. Það sem er laust fer í brennslu í Kólku með öðru óendurvinnanlegu efni.
Óendurvinnanlegt	Verður sent til Kólku til brennslu.
Olía	Búið er að tæma alla olíutanka (7.000 l). Skipaþjónustan sér um að taka á móti allri olíu og koma henni til förgunar.
Olímengaður vatn/sjór	Skipaþjónusta Íslands er búin að dæla öllu aðgengilegu olímenguðu vatni/sjó úr skipinu eða um 38.250 l og farga.
Önnur spilliefni	Öðrum spilliefnum verður komið til starfstöðvar Efnarásar í Reykjavík og fargað.



Tafla 2. Lýsing á mengunarvörnum í tengslum við niðurrif á togaranum Orlik (úr tilkynningu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur)

Varnir	Lýsing
Varnir við mengun jarðvegs	<ul style="list-style-type: none">Vatn mun fljóta umhverfis skipið og olía sem læki út flyti ofaná. Dælt verður ofan og þannig mun olíumengun vera fjarlægð jafnóðum.Spilliefnakör verða á staðnum fyrir olíumengaðan jarðveg og annað olíumengað efni ef þarf.
Varnir við mengun sjós	<ul style="list-style-type: none">Lagður verður þéttur dúkur með hliðum varnargarðsins upp fyrir flóðahæð.Vatni, sem er dælt upp úr skipinu og af yfirborði umhverfis skipið, fer í gegnum olúgildru áður en því er hleypt út af svæðinu.Úrgangsefni verða sett jafnóðum í gáma sem verður komið fyrir á svæðinu. Einnig munu grjótgarðar fyrir aftan skipið varna því að rusl fari út í sjó ef sjór gengur á land.Til staðar verður „mengunarpulsa“ (olíugildra) sem hægt verður að setja fyrir aftan skipið til að stöðva útbreiðslu olíuleka ef svo ólíklega vill til að olía fari í sjóinn.
Varnir við foki.	<ul style="list-style-type: none">Gámum fyrir úrgangsefni verður komið fyrir og allt úrgangsefni sett jafnóðum í þá. Gámar verða fjarlægðir eftir þörfum.
Varnir gegn asbesti	<ul style="list-style-type: none">Fyrir niðurrif verður allt asbest fjarlæggt. Tryggt verður að asbestið sé þurr. Asbestinu verður síðan pakkað inn í plast og því fargað í samráði við heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja. Aðeins aðilar, sem hafa fengið þjálfun og öðlast tilskilin réttindi frá Vinnueftirliti ríkisins, munu koma að niðurrifi á asbesti.
Varnir gegn hávaða	<ul style="list-style-type: none">Unnið verður eftir viðurkenndum aðferðum við niðurrif og miðað við að starfsemin uppfylli kröfur reglugerða um hávaða.

Fram kemur að framkvæmdarsvæðið sé innan hafnarsvæðis skv. aðalskipulagi Reykjanesbæjar og í eigu Skipasmíðastöðvarinnar og sé allt að 2800 m². Svæðið einkennist af iðnaðar- og hafnarstarfsemi og er innan þéttbýlismarkna Reykjanesbæjar. Næsta íbúðarbyggð er í um 230 metra fjarlægð. Á flóði flæðir yfir framkvæmdarsvæðið en það er nánast á þurru þegar fjarar út.

Við niðurrifið verða notaðar stórvirkar gröfur búnaðar klippum og kröbbum sem munu búta niður skipið og flokka í brotamálma, pappa, plast og óendurvinnanlegan úrgang. Allur úrgangur verður flokkaður í gáma.

Með greinargerðinni fylgdi ítarlegt áhættumat og viðbragðsáætlun vegna niðurrifs togarans.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að litið hafi verið til mögulegra áhrifa á jarðveg, sjó, öryggi og hávaða. Einn helsti áhrifaþáttur framkvæmdarinnar á jarðveg er hætta á mengun af leka eða smiti sem inniheldur olíu eða önnur hættuleg efni kemst í snertingu við jarðveginn. Framkvæmdarsvæðið verður umlukið vatni og ef mengun á sér stað verður henni dælt ofan af vatninu og í gegnum olíuskilju. Einnig verður komið fyrir þéttum dúk svo mengunarefni eiga ekki að komast í jarðveg.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að ef framkvæmdin gengur áfallalaust fyrir sig þá ætti hún ekki að hafa í för með sér óafturkræf áhrif á umhverfið. Einnig beri að líta til þess að



framkvæmdinni er ætlað að koma í veg fyrir yfirvofandi umtalsverð og að hluta til óafturkræf áhrif á umhverfið.

Fram kemur að helsti áhrifaþáttur framkvæmdarinnar er hætta á mengun á sjó ef olía, önnur hættuleg efni eða rusl berast frá niðurrifinu. Nú þegar hefur olíumengað vatn og olía verið fjarlægð að mestum hluta úr togaranum. Til varnar því að mengun berist í sjó er ætlað að gera varnargarð kringum skipið og olúgildra sett fyrir aftan skipið til að stöðva útbreiðslu olíu og spilliefnaleka ef hann skyldi verða.

Fram kemur að áður en skipið verði rifið verði allt asbest fjarlæggt úr skipinu og því fargað í samræmi við kröfur í reglugerð um asbestúrgang. Verkið verður unnið af verktaka sem fengið hefur þjálfun og réttindi frá Vinnueftirlitinu.

Í umsögn Vinnueftirlitsins er áréttað að tryggja þurfi að ákvæðum reglugerðar varðandi asbestvinnu verði fylgt, magn asbests sem fjarlægja þurfi sé áætlað um 9 tonn. Tekur Vinnueftirlitið fram að ekki er heimilt að hefja vinnu við fjarlægingu á asbesti nema að viðkomandi aðili með tilskilin réttindi sé búinn að fá leyfi frá Vinnueftirlitinu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að í flestum skipum sé að finna marga hópa mengandi efna, þ.á.m. þungmálma og PCB og bendir á að sérstök ástæða sé til að meðhöndla þessi efni af varfærni.

Fram kemur að stórvirk tæki verði að störfum við niðurrifið með tilheyrandi hávaða. Eins og áður kom fram er fjarlægð í næstu byggð um 230 metrar sem er að hluta skermuð frá athafnasvæðinu af skipasmíðastöðinni og tilheyrandi byggingum. Reiknað er með ekki verði aukinn hávaði vegna niðurriffsins umfram það sem berst frá daglegri starfsemi á hafnarsvæðinu. Einnig er hægt að stýra framkvæmdum þannig að unnið verði við niðurrifið á þeim tíma dags sem minnst ónæði verði af þeim.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin muni setja framkvæmdinni ítarlegri skilyrði komi til útgáfu starfsleyfis og að eftirlit yrði samkvæmt reglugerð um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin telur að ef vandað sé til undirbúnings, framkvæmd og frágangs þá sé starfsemi ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Reykjanesbær bendir á í umsögn sinni að þar sem framkvæmdin er tímabundin og gengið verði frá umhverfi að framkvæmd lokinni eins og komið var að því sé ekki um leyfisskylda framkvæmd að ræða af hálfu sveitarfélagsins með vísan til reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Fyrir liggur að framkvæmdaraðili hefur óskað eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi til umhverfisráðherra til niðurrifs vegna ástands skipsins.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða niðurrif togarans Orlik sem hefur legið við bryggju í Njarðvíkurhöfn síðan árið 2014 og mun niðurrifið fara fram á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur innan hafnarsvæðisins. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.15 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangsmikið skip sem til stendur að rífa á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur. Ekki er hægt að flytja skipið úr landi vegna þess hversu illa það er farið og fyrir liggur vottun skv. skoðunarskýrslu að skipið er ekki tækt til sjóflutninga. Ráðast þarf í niðurrif þess sem allra fyrst vegna hættu á að það sökkvi við hafnarbakkann.

Samkvæmt framlögðum gögnum er búið að dæla úr togaranum mest allri olíu og öllu olíublönduðu vatni sem komist verður að. Ekkert gas er eftir á kælikerfi skipsins og búið er að fjarlægja allt própan og spilliefni sem hægt er að fjarlægja án flóknari aðgerða. Asbest verður fjarlægt af verktaka með tilskilin réttindi frá Vinnueftirlitinu og verður því fargað í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Ef olía frá skipinu lekur út þá er hægt að koma í veg fyrir mengun í jarðvegi og sjó með því að dæla yfirborðsvatninu í gegnum olíuskilju.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til strandsvæða.

Eins og áður sagði mun fyrirhugað niðurrif togarans fara fram á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur sem er skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030. Í nágrenni við svæðið er ekki að finna svæði sem njóta verndar en framkvæmdasvæðið er í um 230 m fjarlægð frá næstu íbúðarbyggð.

Niðurrifið fer fram innan skilgreinds hafnarsvæðis en ekki er hægt að taka við svo stóru skipi og í slipp inni í skipasmíðastöðinni. Því verður togaranum komið fyrir í manngerðri sjókví í fjörunni á athafnasvæði skipasmíðastöðvarinnar og verður niðurrifssvæðið skermt af með grjótgardi og botn svæðisins klæddur með þéttum dúk til að varna því að efni berist í jarðveg í kring.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, stærðar og fjölbreytileika áhrifanna, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Hugsanleg umhverfisáhrif af niðurrifi togarans eru mengun sem getur borist frá togaranum einkum í sjó. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar af framkvæmdaraðila til að lágmarka þau áhrif sem geta orðið í nágrenni niðurrifssvæðisins. Um er að ræða tímabundna framkvæmd og hugsanleg neikvæð áhrif þar sem niðurrifið mun taka 2-3 mánuði og áhrif ná ekki til umfangsmikils svæðis eða til fjölda fólks. Í ljósi nálægðar við íbúðarbyggð þurfa framkvæmdir að fara fram á þeim tíma sem ónæði verður í lágmarki og í því sambandi þarf að taka mið af mörkum í viðauka reglugerðar fyrir hávaða vegna framkvæmda um takmarkanir á vinnutíma.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. ágúst 2019.

Reykjavík, 19. júlí 2019

Jakob Gunnarsson